



Félag háskólakennara

Skýrsla stjórnar Félags háskólakennara starfsárið 2014-2015

Í lögum félagsins er hlutverk þess að bæta starfsaðstöðu félagsmanna, vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna, vera í fyrirsvari félagsmanna gagnvart skyldum og innlendum og erlendum félagssamtökum. Einnig að stuðla að samstöðu félagsmanna og efla kynni þeirra og að lokum að efla skilning þjóðar á þeim málum er horfa til framfara fyrir Háskóla Íslands. Stjórnin telur skýrsluna endurspeglar þessi hlutverk félagsins.

Fjöldi félagsmanna

Fjöldi félagsmanna í Félagi háskólakennara voru um 994 þann 1. október 2014. Samtals starfa 900 innan veggja Háskóla Íslands. Af þeim eru 162 í starfi dósent, 146 í stöðu lektora, 95 í stöðu aðjúnkta, 21 í stöðu vísindamanna, fræðimanna og sérfræðinga, 212 í rannsóknartengdum störfum og 264 er sinna stjórnarsýslustörfum. Þá er fjöldi félagsmanna starfandi á Landsbókasafni samtals 30, á Raunvísindastofnun 29, samtals 27 starfandi á Árnastofnun og 8 á Tilraunastöðinni að Keldum.

Stjórn

Stjórn Félags háskólakennara starfsárið 2014 - 2015 skipuðu eftirfarandi:

Jörundur Guðmundsson, formaður (stjórnarsýsla),
Michael Dal, varaformaður (dósent),
Baldvin M. Zarióh, ritari (stjórnarsýsla),
Guðmundur Ingi Guðmundsson, gjaldkeri (bókasafn),
Ármann Höskuldsson, meðstjórnandi (vísindamaður),
Berglind Rós Magnúsdóttir, meðstjórnandi (lektor),
Helgi D. Áss Grétarsson, meðstjórnandi (dósent).

Á starfsárinu voru samtals 12 stjórnarfundir auk samráðsnefndarfunda og annara funda.

Starfsmaður

Fastráðinn starfsmaður félagsins er Helga Birna Ingimundardóttir, framkvæmdastjóri.

Skrifstofa

Nýr leigusamningur var gerður þann 1. apríl 2014 við Bændasamtökin. Heimilisfang félagsins er Bændahöllin við Hagatorg, suðurendi 2. hæð.

Trúnaðarstörf

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var Michael Dal kosinn varaformaður félagsins, Baldvin Zarióh ritari og Guðmundur Ingi Guðmundsson, gjaldkeri. Fulltrúi félagsins á háskólaþingi er Ármann Höskuldsson og varamaður er Berglind Rós Magnúsdóttir. Í siðanefnd HÍ var skipuður fyrir hönd félagsins, Sveinbjörn Björnsson. Skoðunarmenn félagsins eru Sigríður Jónsdóttir og Íris Davíðsdóttir. Kjörnefnd kosin á aðalfundi 2014 skipa, Sigríður Jónsdóttir, Sverrir Guðmundsson og Kristín Harðardóttir.

Trúnaðarmenn félagsins eru um tuttugu. Í samninganefnd félagsins sitja stjórn og trúnaðarmenn og því er mjög mikilvægt að félagið hafi tengiliði á öllum sviðum og stofnunum þar sem félagsmenn starfa.

Formaður félagsins, Jörundur Guðmundsson, hefur setið formannafundi BHM á starfsárinu.

Michael Dal var kosinn í stjórn Bandalags háskólamanna á aðalfundi bandalagsins árið 2014. Frá desember 2014 til apríl 2015, var hann gjaldkeri bandalagsins vegna afsagnar þáverandi formanns. Ármann Höskuldsson var kosinn í stjórn orlofssjóðs BHM fyrir hönd félagsins í apríl 2013.

Ragna Steinarsdóttir situr sem fulltrúi félagsins í stjórn Styrktarsjóðs BHM og hefur verið varaformaður sjóðsins síðastliðið starfsár.

Brynhildur G. Flóvenz er fulltrúi félagsins í laganefnd BHM. Framkvæmdastjóri félagsins hefur setið í lífeyrisnefnd.

Handbók Félags háskólakennara og fundargerðir stjórnar.

Félag háskólakennara gaf út nýja handbók á árinu 2015. Henni var dreift í pósthólf allra félagsmanna í mars. Í handbókinni má finna upplýsingar um starfsemi félagsins, forsendur stofnanasamninga og ýmis réttindamál. Upplýsingar eru einnig aðgengilegar á ensku.

Á heimasíðu hafa fundargerðir stjórnar verið birtar skv. ákvörðun stórnar á árinu 2013.

Kjaramál

Gildistími núgildandi kjarasamnings félagsins annars vegar og fjármálaráðuneytins hins vegar er frá 1. mars 2014 – 30. apríl 2015. Stjórn félagsins ræddi á fundi sínum í september sl. að hefja undirbúning að nýjum kjarasamning af fullum krafti.

Skrifað var undir nýjar reglur vinnumatssjóðs Félags háskólakennara 15. ágúst sl. Í framhaldi af þeim var ákveðið að svokölluð „dempunarhrif“ myndu taka gildi við útborgun úr sjóðnum í september 2015.

Formaður félagsins átti fund með rekstarstjórum sviða HÍ vegna fyrirkomulags stjórnunarvinnu kennara í október sl. Fundurinn var haldinn til þess að félagið fengi upplýsingar um stöðu mála vegna kennsluafsláttar og greiðslna. Á fundinum var upplýst að staðan er mjög mismunandi eftir sviðum HÍ og á nokkrum þeirra hafði engin vinna farið fram. Fulltrúar á fundinum voru sammála um að þessi vinna yrði að vera forgangsmál hjá sviðunum. Félagið áréttaði mikilvægi hennar með bréf til stjórnenda allra sviða og deilda í kjölfarið. Gögn vegna fyrirkomulags stjórnunarvinnu kennara voru að lokum send til félagsins í apríl sl. Þau gefa ekki vísbendingu um að vel hafi tekist til við að koma á gagnsæju kerfi um fyrirkomulagi á stjórnunarvinnu kennara, eins og lagt var af stað með. Þá hefur einnig gætt mikillar óánægju og misskilnings að tvö kerfi séu í gangi, er metur stjórnunarstörf akademískra starfsmanna. Á samráðsnefndarfundum um kjaramál Fh og HÍ í apríl síðastliðnum lýsti formaður félagsins því yfir að samkomulagi um fyrirkomulag stjórnunarvinnu kennara verði sagt upp í haust, ef ekki verði búið að laga þá vankanta sem augljósir eru miðað við fyrirliggjandi gögn og sama kerfi verði komið á fyrir alla akademíska starfsmenn.

Í nóvember og desember sl. var starfsmatskerfið SKREF endurskoðað og bil milli stiga minnkað með nýrri launaröðun frá 1. janúar 2015. Breytingin þýddi að stór hluti stjórnarsýslufólks hækkaði um eitt launaprep í launatöflu og þá aukast möguleikar í framtíðinni til hækkunar um launaprep, fyrr en ella. Þá hefur handbók um starfsmatskerfið SKREF verið uppfærð og endurskoðuð þannig að hún verði aðgengilegri fyrir félagsmenn en áður.

Félagið fékk í upphafi ársins gögn til skoðunar fyrir árið 2014 um mat á vinnustundum til kennslustunda frá HÍ sem unnið er úr kerfi er nefnist KOLUR. Kennarar í stjórn félagsins hafa tekið þátt í þessari skoðun og er hún enn í gangi. Mikil umræða hefur átt sér stað um það misræmi sem virðist vera á milli sviða/deilda um hvernig kennsla er metin.

Félag háskólakennara hefur verið í sameiginlegum viðræðum við fjármálaráðherra með BHM frá upphafi og þeirri deilu var vísað til sáttasemjara fyrir páska. Kröfur BHM eru fyrst og fremst þær að menntun skuli metin til launa. Ekki hefur verið farið nánar út í prósentuhækkun en það er ljóst að kröfur BHM eru langt umfram þau 3,5% (til þriggja ára) sem ríkið hefur boðið. BHM hefur verið í viðræðum við ríkið frá byrjun árs og fyrirkomulagið er þannig að ákveðin viðræðunefnd BHM fer fram fyrir hönd 18 stéttarféлага en á sama tíma hefur hvert félag lagt fram sínar sérkröfur á sérfundum með Samninganefnd ríkisins (SNR).

Sérkröfur Félags háskólakennara eru og voru lagðar fram á fundi félagsins og SNR í febrúar sl.:

- i. Að sami stigafjöldi samkvæmt matskerfi akademískra starfsmanna (háskólakennarar og sérfræðingar) gefi sömu laun, óháð starfsheiti og að öllum akademískum starfsmönnum verði varpaði í sömu launatöflu.
- ii. Laun starfsmanna stjórnarsýslu skóla verði skoðuð og samhæfð launaum akademískra starfsmanna eins og kostur er.
- iii. Skýra og skilgreina launaröðun og réttindastöðu framhaldsnema (styrkþega).
- iv. Launatafla BHM.
- v. Aðild að starfsþróunarsjóði BHM, Félag háskólakennara er stofnaðili sjóðsins eða sambærilegtv iðgjald fyrir sérsjóð.
- vi. Texti um yfirvinnu kennara verði endurskoðaður.

Staðan í kjaraviðræðum BHM og fjármálaráðherra í dag er sú að ekkert hefur þokast í samkomulagsátt og Samninganefnd ríkisins hefur ítrekað komið óundirbúin til fundar. Tiltekin félög innan raða bandalagsins hafa verið í verkfalli í á fimmtu viku.

Þegar ákveðið var að hefja kosningar um verkföll var ákveðið að mynda sameiginlegan verkfallssjóð þeirra 18 féлага sem standa að viðræðunum. Þannig er tryggt að þeir starfsmenn sem leggja niður vinnu fái að fullu bætt það launatap sem verður. Stjórn Félags háskólakennara ákvað á fundi sínum þann 16. apríl sl. að leggja til kr. 1.000.000 í sameiginlegan verkfallssjóð BHM, sem stuðningur við verkföllin og til að knýja fram alvöru viðræður við Samninganefnd ríkisins.

Fjölís

Stjórn félagsins barst bréf frá Fjölís, hagsmunafélag samtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar. Erindi bréfsins var að félagið veiti umsögn um afstöðu þess til meðferðar á efni sem undirorpið er höfundarétti og kennarar semja í störfum sínum við HÍ. Fallað var um málið í stjórn og enn er unnið að næstu skrefum.

Samráðsnefnd Félags háskólakennara og HÍ í kjaramálum

Á vettvangi samráðsnefndar félagsins og HÍ hefur auk kjaramála verið unnið að eftirfylgni á ráðingarformi stundakennara í stöðu aðjunktá II. Þá hefur einnig verið farið yfir stöðu námsleyfa stjórnarsýslufólks og skipuð var nefnd með fulltrúum Fh og FPR annars vegar og HÍ hins vegar til að fara yfir tölulegar upplýsingar um rannsóknamisseri undanfarin ár.

BHM

Formaður Félags háskólakennara hefur sótt fundi formannaráðs BHM í samræmi við ný lög bandalagsins.

Bandalagið stóð fyrir kjarakönnun á árinu. Niðurstöður könnunarinnar hafa ekki verið birtar. Fyrirtækið Maskína sér um könnunina.

Samstarf

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) bauð stjórn Félags háskólakennara til fundar í októberlok 2014. Vildi stjórn FPR fara yfir stöðuna í kjaraviðræðum þeirra við fjármálaráðherra og hugsanlegu verkfalli í jólaprófum HÍ.

Verklagsreglur stjórnar Félags háskólakennara

Á aðalfundi Félags háskólakennara 2014 var ákveðið að vísa til stjórnar að huga að gerð verklagsreglna stjórnar. Þeirri vinnu lauk í maí og voru verklagsreglur stjórnar félagsins samþykktar á stjórnarfundi 4. maí 2015. Þær eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Málefni einstakra félagsmanna

Á skrifstofu félagsins leita fjölmargir félagsmenn með ýmis mál sem þeir óska eftir aðstoð við að fá úrlausn á. Vel hefur gengið að leysa úr erindum félagsmanna á liðnu starfsári og skrifstofa félagsins vill hvetja félagsmenn að hika ekki við að hafa samband ef eitthvað bjátar á í kjara- og/eða réttindamálum eða ef upplýsinga er þörf.

Erlent samstarf

Síðastliðin ár hafa norræn kennarafélaög skiptst á að halda sameiginlega ráðstefnu í maí/júní ár hvert. Næsti fundur verður í byrjun júní í Danmörku. Fjórir stjórnarmenn félagsins munu sækja ráðstefnuna að þessu sinni. Á dagskrá að þessu sinni verður auk venjulegra launa- og réttindasamanburðar, fjallað um fjármögnun og stjórnun háskóla í framtíðinni, tímabundin skipun starfsmanna og nýtt efni frá Bolagna-málum.

Lokaorð

Kjara- og stofnanasamningum félagsins frá síðasta ári hafa skilað félagsmönnum miklu. FPR samdi um kjör sín sl. haust og ljóst er að okkar félag þarf á einhverri leiðréttingu að halda til að viðhalda því ákvæði stofnanasamnings sem kveður á um að greiða skuli sömu laun fyrir sömu stig framvegis.

Staða samningamála háskólafélags eru í raun í algeru uppnámi þessa dagana og fátt sem félagið getur aðhafst fyrr en einhver lending fæst í samninga SNR og BHM. Endurnýjun kjarasamnings er mikilvægasta verkefnið framundan og óskandi að hún dragist ekki á langinn.

Fyrirnefnd skoðun á mati á vinnu til kennslustunda og mismunandi fyrirkomulagi þeirra mála eftir sviðum er einnig eitt mikilvægasta viðfangsefni næsta starfsárs, enda ljóst að falin mismunun á sér þar stað.

Málefni stundakennara og aðjunktta II eru einnig áfram ofarlega á dagskrá og mikilvægt að finna framtíðarlausn á málefnum þeirra.

Stjórnarmönnum eru þökkuð vel unnin störf í þágu félagsins og framkvæmdastjóra þakkað samstarfið.